

Ræða Kolbrúnar Baldursdóttur borgarfulltrúa Flokks fólksins á fundi borgarstjórnar 4.12. 2018. Á dagskrá er 2. umræða fjárhagsáætlunar.

Forseti, kæra borgarstjórn.

Flokkur fólksins berst fyrir bættum kjörum fátæks fólks, öryrkja og eldri borgara. Barnafólk hefur frá upphafi verið í forgangi hjá Flokki fólksins. Kjörorð flokksins er FÓLKIÐ FYRST.

All margar tillögur hafa verið lagðar fram af Flokki fólksins í þessu sambandi og má nefna að skólamáltíðir verði fríar OG að frístundaheimili verði gjaldfrjálts fyrir börn fátækra foreldra. Enn fremur að fátæk börn verði ekki krafín um aukagjöld í félagsmiðstöðvum. Tillögur er varða fjölbreytt skólaúrræði hafa verið lagðar fram til að tryggja megi að þörfum allra barna verði mætt og fleiri tillögur af sambærilegum meiði hafa verið lagðar fram. Flestar þessara tillagna hafa nú þegar verið felldar og rök meirihlutans oftast þau „að þetta kosti of mikið eða sé ekki á stefnuskrá meirihlutans.“

Það hefur verið markmið borgarfulltrúa sem hér stendur að reyna að finna fé til að byggja undir tillögur Flokks fólksins. Nokkrar sparnaðar- og hagræðingartillögur hafa því verið lagðar fram. Stjórnsýslan er báknn sem vel mætti byrja að draga saman sér í lagi og þá einungis þann hluta sem snýr ekki beint að þjónustu við fólkið. Þjónustu við fólkið má ekki skerða en henni er víða ábótavant eins og staðan er í dag. Í kerfinu eru hins vegar verkefni sem ýmist mætti hægja á, sameina eða jafnvel leggja af. Eins hefur verið bent á að einfalda og hagræða mætti margt sem heyrir undir skólasviðið m.a. því sem lýtur að þjónustumiðstöðvum. Þær eru sem millistykki milli skólanna og sálfræðinganna og þannig þarf það ekki að vera. Vel mætti skoða að sameina einhverjar þjónustumiðstöðvar. Þar væri hægt að spara mikið.

Flokkur fólksins hefur lagt fram fyrirspurnir til að fá upplýsingar um kostnað ýmissa þátta og í kjölfarið komið með tillögur sem snúið hafa að því að draga úr kostnaði. Hér má nefna þætti eins og veislur og móttökur, ferðir og dagpeningar á ferðum. Síðast en ekki síst skal nefna stór sem smá verkefni sem farið hafa fram úr fjárhagsáætlun. Fyrir framúrreksturinn mætti gera mikið fyrir börnin, öryrkja og eldri borgara.

En nú langar mig að fara nánar í þau málefni sem ég var kosin til halda á lofti eða reyna að hafa áhrif á til breytinga.

Byrjum á börnunum, og vil leggja fram eftirfarandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að:

Gjaldskrá vegna skólamáltíða í grunnskólum verði lækkuð um þriðjung (33%) og að tekjulækkun sviðsins, sem talin er nema 361 mkr árið 2019, verði mætt með auknum fjárheimildum sem komi af kostnaðarliðnum ófyrirséðu 09205.

Gjaldskráin verður 9.796 kr á mánuði frá 1. janúar 2019 m.v. samþykkt borgarstjórnar við fyrri umræðu. Tillagan, verði hún samþykkt, felur í sér að gjaldskrá máltíða í grunnskólum yrði 6.563 kr.

Í greinargerð segir með leyfi forseta

Mikilvægt er að börn sitji við sama borð þegar kemur að grunnþörfum eins og að fá að borða.

Efnahagsstaða foreldra er misjöfn. Sumir foreldrar hafa ekki efni á að kaupa skólamáltíðir fyrir börn sín. Eina leiðin til að tryggja að ekkert barn sé svangt í skólanum er að stuðla að því með öllum ráðum að foreldrar þeirra hafi ráð á að kaupa handa þeim skólamáltíðir. Börnum á ekki að vera mismunad vegna fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Fordæmi er nú þegar fyrir lækkun gjalds skólamáltíða í öðrum sveitarfélögum og ætti Reykjavík ekki að láta sitt eftir liggja. Áður hefur Flokkur fólksins lagt fram tillögu um fríar skólamáltíðir en sú tillaga var felld á fundi Skóla- og frístundarráðs í ágúst. Fram hefur komið í svari sviðsstjóra Skóla- og frístundarráðs að þessi aðgerð muni lækka tekjur sviðsins um 361 mkr. Borgarfulltrúi Flokks fólksins kallar hér til ábyrgðar borgarstjórnar og gerir því þá tillögu að þessi upphæð verði tekin af liðnum ófyrirséðu.

Í framhaldinu vil ég nefna að sú aðgerð að lækka gjald skólamáltíða er, eftir því sem ég man best, eitt af kosningaloforðum Vinstri grænna. Og eins og við kannski munum þá hafa þeir flokkar sem nú ráða ríkjum í borginni, alla vega Samfylkingin og VG ætíð gefið sig út fyrir að vera jafnaðarflokkar, flokkar sem hafa margsinnis lýst yfir vilja til að minnka kjaramun ríkra og fátækra og bæta hag þeirra verst settu. Engu að síður er staða margra í Reykjavík virkilega slæmt.

Fyrst skal nefna þá alvarlegu stöðu húsnæðismála sem er uppsafnaður vandi til margra ára sem loksins núna er farið að gera eitthvað í til að bæta. Árum saman var ekki byggt nóg, félagsbústaðir keyptu ekki nóg og enn eru tæplega þúsund á biðlista eftir húsnæði. Víst er rétt að þetta horfir til betri vegar en það mun taka tíma að snúa við þeirri óheillaþróun sem komin var að stað. Að verið sé að bæta úr ástandinu nú þurrkar auk þess ekki út þá staðreynd að tugir fjölskyldna hafa átt verulega erfið ár þegar kemur að húsnæðismálum. Og hverjir líða þar mest? BÖRNIN!

Áhrif húsnæðisvandans á börn er mikill. Hópur barna hefur þurft að flytja margsinnis fyrstu 15 árin sín, þvælst um milli hverfa, landshluta og grunnskóla með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum.

Ég vil í þessari ræðu minni tala meira um börnin og nú í tengslum við FÁTÆKT

Eins og áður segir var Flokkur fólksins stofnaður m.a. til að standa vörð um börnin og berjast gegn fátækt.

Fátækt meðal barna á Íslandi er staðreynd. Fátækt á sér margar birtingarmyndir. Þegar hugtakið „fátækt“ ber á góma dettur mörgum í hug svelt og jafnvel að viðkomandi búi á götunni. Hugtakið fátækt hefur hins vegar mun víðtækari merkingu en það. Í því felst m.a. að hafa ekki ráð á að veita börnum sínum þau lífsgæði sem vilji stendur til eða eru talin almenn, jafnvel nauðsynleg. Börn einstæðra foreldra og foreldra sem hafa lægstu launin eru líklegust til að vera hluti af þessum hópi. Foreldrar sem eru aðþrengdir fjárhagslega, þurfa eðli málsins samkvæmt að forgangsraða ef endar ná ekki saman. En við lifum ekki án þess að grunnþörfum okkar verði fullnægt, þak yfir höfuðið og mat á diskinn. Í mörgum tilfellum fer stærsti hluti launa láglaunafólks í leigu, allt að 80% en ekki 40% eins og fram kom í ræðu borgarfulltrúa Heiðu Bjargar Hilmisdóttur.

Staðan í íslensku samfélagi í dag er sú að það geta ekki allir tryggt fjölskyldu sinni öruggt húsnæði eða mat á borðið á hverjum degi.

Undanfarin ár hef ég hitt mikið af fátæku fólki og fátækum börnum og hlustað á hver staða þessa fólks er. Mig langar að deila hér stuttri lýsingu frá stúlku einstæðrar móður frá því í maí s.l.:

„Við mamma búum í einu litlu herbergi. Mamma og pabbi misstu allt í Hruninu. Við áttum fyrirtæki. Ég veit ekki hvenær við fáum íbúð. Ég hlakka mest til að fá íbúð þar sem ég get farið í sturtu. Við höfum ekkert svoleiðis núna. Ég fer í sturtu í sundi þegar ég þarf að fara í bað. Ég veit það þýðir ekki að kvarta. Það er bara engin peningur til. Ef ég eignaðist pening myndi ég svo sem velja mér

helst að kaupa mér föndurdót því mér finnst svo gaman að föndra. Ég hef sætt mig við að vera í fötum úr Rauða kross búðunum. Það er allt í lagi á meðan mér er ekki strítt.“

En nú vík ég að leik- og grunnskólamálum

Flokkur fólksins gerir þá kröfu að börn skuli aldrei bíða eftir þjónustu af hvers lags tagi. Hér má byrja á því að minnast á mannekluvanda leikskólanna sem er ástand sem ekki er líðandi lengur. Á sama tíma og metnaðarfullt menntastefna er lögð fram þar sem fram kemur að fjölga eigi leikskólum og leikskólarýmum, er ekki einu sinn nægt starfsfólk til að sinna störfum sem nú eru í boði. Faghlutfall leikskólanna er aðeins 25 % sem er annað stórt áhyggjuefni. Þetta hlutfall er sláandi lágt. Svo virðist sem borgarmeirihlutinn hafi engan veginn geta snúið þessu til betri vegar þótt hann hafi reynt. Kíkjum aðeins á raunverulegt dæmi sem mér barst í síðustu viku:

Ung einstæð móðir fær ekki leikskólaláss fyrir 1 ½ árs barn sitt í sínu hverfi, jafnvel þótt um sérstakar aðstæður sé að ræða. Faðir hafnar öllum samskiptum við barn sitt. Konan varð því að fara að vinna þegar barnið var aðeins 7 mánaða þar sem þriggja mánaða fæðingarorlof föður fékkst ekki flutt yfir á móður.

Þetta er Reykjavík í dag, í leikskólamálum

Nokkur orð um þjónustu borgarinnar við börn.

Víða eru langir biðlistar í alla mögulega þjónustu er varðar börn. Ég þekki skólasálfræðiþjónustan vel og veit því hvernig hún á að virka. Eins og staðan er í dag er aðgengi að skólasálfræðingum ekki nógu gott, þótt eitthvað sé það misjafnt eftir hverfum. Biðlistar eftir viðtölum eru jafnvel margir mánuðir. Sífelld er klifað á að draga skuli úr vægi greininga og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun eins og eitt útiloki annað. Biðlisti í frumgreiningu á barni sem felur í sér vitsmunaproskamat og kvíða ADHD skimun, sem jafnvel allir eru sammála um að þurfi að gera til að geta ákveðið hvaða námsefni hentar, er engu að síður á annað ár. Finnst fólki þetta í lagi?

En af hverju er þetta svona?

Ástæðan er alveg augljós. Bæði má benda á að fjármagn sé ekki nægt en einnig þarf ljóslega að skoða skipulag og fyrirkomulag þjónustunnar. Það er eitthvað þarna sem er ekki virka.

Það eru biðlistar hvert sem litið er í borginni þegar kemur að þjónustu við börn, bið eftir plássi á frístundaheimili, tómstundaþjónustu, talmeinaþjónustu og fleira mætti telja til

Biðin er slæm fyrir öll börn og sérstaklega kemur hún illa við fötluð börn. Allra verst er þó óvissan sem þessu fylgir. Foreldrar barna á biðlistum eru áhyggjufullir. Þeir spyrja hvenær kemst barnið mitt að?

Allt þetta sem hér hefur verið nefnt tekur á sig öllu alvarlegri blæ þegar niðurstöður nýlegrar skýrslu Embættis landlæknis um sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna eru skoðaðar. Fram kemur í þessum niðurstöðum að sjálfsskaði stúlkna hefur aukist. Tengsl milli sjálfsskaða og sjálfsvígshugsana og sjálfsvígs eru óbyggjandi. Rúmlega 9% ungmenna á Íslandi hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Í dag eru fleiri stúlkur en drengir sem segjast hafa hugleitt sjálfsvíg og er aukning frá árinu 2010. Fleiri drengir en stúlkur eru á skrá yfir dauðsföll vegna sjálfsvíga á aldrinum 16-20 ára. Hlutfall drengja sem gera tilraun til sjálfsvígs er stöðugt á meðan hlutfall stúlkna hefur aukist **úr 9% árið 2000 í 12% árið 2016** eins og fram kemur í ofan nefndri skýrslu. Í ljósi þessara upplýsinga er ljóst að staða margra barna er ekki góð hvað varðar andlega líðan. Öll vitum við að vanlíðan sem fær barn til að vilja deyja hefur langan aðdraganda.

En við skulum líka halda því góða til haga og það er vissulega margt. Staða flestra barna er góð, viðunandi í það minnsta. Það á okkur, í samfélagi eins og þessu, að þykja sjálfsgætur hlutur því ekki skortir hér fé og tækifæri. Ísland allt og Reykjavík er ekki fátæk borg og teljumst til velmegandi þjóða.

Þess vegna á engin að þurfa að líða skort hér. Á vettvangi borgarinnar er hægt að gera mikið betur bæði á sviði forvarna og aðgengi að þjónustu. Við eigum að geta gert kröfu um að börn hafi gott aðgengi að allri þjónustu borgarinnar og að foreldrar geti valið það skólaúrræði sem talið er að henti börnum þeirra best að mati foreldra og fagaðila. Krafan er að hvert einasta barn fái þjónustu við hæfi. að hvert barn sé metið á einstaklingsgrunni. Barn sem þarf að bíða lengi eftir þjónustu fagaðila eða fær ekki aðstoð við hæfi er í mun meiri áhættu með að grípa til örþrifaráða eins og sjálfsskaða og jafnvel sjálfsvígstilraunar.

Slakt aðgengi að fagþjónustu getur kostað líf.

En lítum stuttlega til sérskólaúrræðanna. Hvar er borgin stödd í þeim efnum? Svarið er að hvað varðar skólaúrræði hafa sum börn verið sett í ólíðandi aðstæður. Börn sem þurfa sér námsúrræði er oft sett í ólíðandi aðstæðum því þau komast ekki í úrræði eins og Klettaskóla sem er yfirfullur. Í

honum eru 130 nemendur en upplagið var að þar stunduðu nám vel innan við hundrað nemendur. Kannski þess vegna hentar það svo vel að hafa inntökuskilyrði ströng. Þá eru minni líkur á að langur biðlisti myndist enda státar borginn sig nú að því að það er varla nokkur biðlisti í Klettaskóla að heitið geti.

Foreldrar sem hafa óskað eftir vist fyrir barn sitt í sérskóla eins og Klettaskóla hafa orðið frá að hverfa ef fyrirsjáanlegt er að barnið nær ekki inntökuviðmiðunum, stundum munar naumlega. Á sama tíma er barnið þeirra að berjast í bökkum inn í almennum bekk, líður illa, er jafnvel einangrað, enda er ekki meðal jafningja. Einn þátttökubekkur er rekinn í tengslum við Klettaskóla og eru sömu inntökuskilyrðin í hann og Klettaskóla. Nemendur með miðlungs eða væga þroskahömlun stunda öllu jafnan nám í almennum bekk, sum með sérstökum stuðningi og í sérkennslu. Hjá einhverjum gengur blessunarlega vel en hjá öðrum er lífið ekki eins skemmtilegt. Foreldrar sumra þessara barna óska þess að börn þeirra fái að stunda nám í aðstæðum sem passa þeim betur en eins og staðan er nú er það ekki í boði.

Fyrir liggur tillaga frá Flokki fólksins að bæta við öðrum þátttökubekk í tengslum við Klettaskóla en nú er aðeins einn rekinn. Þeirri tillögu hefur ekki enn verið svarað enda þótt hún hafi verið lögð fram fyrir mörgum vikum.

Í ljósi vaxandi vanlíðunar barna sem m.a. hefur verið staðfest í áðurnefndir skýrslu Landlæknis er það háalvarlegt að borgarmeirihlutinn skuli engu að síður vilja þráast við að viðurkenna að þessi fallega hugmynd, skóli án aðgreininga, eins og hún er útfærð í dag, er ekki að virka fyrir öll börn.

OG AF HVERJU ER HÚN EKKI AÐ VIRKA? Það er ekkert að hugmyndafræðinni sem slíkri nema síður sé. Þetta er draumhugmynd allra trúi ég. En ástæðan fyrir því að í Reykjavík er þetta að mestu fallett orð á blaði er sú, að það fjármagn sem slíkt fyrirkomulag þarfnast hefur ekki fylgt hugmyndinni þannig að framkvæmdin er ekki útfærð nema að hluta til.

Ef skóli án aðgreiningar á að vera fyrir öll börn þarf að fylgja honum fullnægjandi fjármagn til að hægt sé að bjóða öllum börnum og líka börnum með þroskahömlun þjónustu við hæfi. Um er að ræða þjónustu þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, biðlistalaust aðgengi að sálfræðingi, sérkennara, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðing og náms- og félagsráðgjafa.

Hið svelta fyrirkomulag, *skóli án aðgreiningar* er þannig í dag að ákveðinn hópur barna með með væga og miðlungs þroskahömlun eru skikkuð til að stunda nám í aðstæðum sem ekki passa þeim hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Ef halda á fast í þessa stefnu, þannig að skólinn geti mætt þörfum barna með ólíkar þarfir, verður að endurskipuleggja þetta kerfi frá grunni og veita nægu fé í það svo það verði raunverulegur kostur fyrir öll börn.

Til að plástra „skóla án aðgreiningar“ eru börn sem glíma við sértæka námserfiðleika eða vitsmunavanda send í sérkennslu. Samkvæmt svari sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn Flokks fólksins um kostnað við sérkennslu í Reykjavík kemur fram að á leikskólastigi var hann tæp einn og hálfur milljarður (kr. 1.436.708 þús.). Árið 2017, í svari er gefinn upp kostnaður beggja skólastiga, leik- og grunnskóla, vegna sérkennslu 2017 rúmlega þrjú og hálfur milljarður (samtals kr. 3.616.349 þús.)

Kostnaður sérkennslu vegna grunnskóla 2018 er rúmlega tveir og hálfur milljarður (kr. 2.370.485 þús.) en þá er ekki talinn með kostnaður vegna kennslu á sjúkrahúsum og í sérdeildum.

Ætla má því kostnað vegna sérkennslu beggja skólastiga er alls um 4,5 milljarðar árið 2018.

Og þá er ekki ljóst hvort það liggi ávallt fyrir greiningar á sérkennsluþörf og vel grundaðar kennsluáætlanir áður en barn fer í sérkennslu. Ekki er heldur vitað nægjanlega um árangur, hvernig þetta er að nýtast börnunum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru um 30% nemenda í öllum 10 bekkjum grunnskólanna í sérkennslu. Eins og allir vita nú sem eitthvað hafa hlustað eftir þessum málum hefur Menntamálaráðuneytið gefið út að um 30% drengja og um 12% stúlkna geti ekki lesið sér sér til gagns og gamans við lok grunnskóla.

Þannig er **ekki** hægt að fullyrða að sérkennslan sé í raun sniðin í samræmi við einstaklingsþarfir barnsins. Hér er ekki sérkennurum frekar en öðrum kennurum eða starfsfólki um að kenna. Þeir gera sitt besta í þessum aðstæðum. Það er fálmenndum og ómarkvissum aðgerðum borgarmeirihlutans til margra ára sem ber á þessu ábyrgð og sem enn rígheldur í metnaðarfulla stefnu án þess vilja setja í hana nauðsynlegt fjármagn.

Börn með þroskahömlun og foreldrar þeirra eru viðkvæmur hópur. Þetta er ekki háværosti hópurinn í samfélaginu. Allir foreldrar vilja bara það besta fyrir

börn sín, að þau fái aðhlyningu og kennslu við hæfi, að námsefni sé við hæfi og að þau séu í aðstæðum þar sem þau geta notið sín í undirbúningi undir lífið.

En hvað segja foreldrar barna með þroskahömlun?

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar er varðar viðhorf til skóla hjá Reykjavíkurborg en í engri þeirra kemur skýrt fram skoðanir foreldra þroskahamlaðra barna. Þeir hafa ekki verið spurðir sérstaklega.

Í könnunum sem þessum er talað er um **sérþarfir** sem er mjög vítt hugtak og getur vísað til alls mögulegs s.s. lesblindu, málþroskaröskun, ADHD en ekki endilega til þroskahamlanna á borð við vitsmunaprósaskerðingu.

Borgarmeirihlutinn hefur staðfest að hvorki verði sett á laggirnar fleiri sérskólaúrræði né sérúrræði í skólum með því að fella tillögur þess efnis. Ekki er heldur séð að setja eigi nægjanlegt fjármagn í „skóla án aðgreiningar“ til þess að hann gæti farið að virka eins og hugmyndafræðin segir til um. Þannig er staðan í dag. Margir foreldra barna með þroskahömlun bera kvíðboga fyrir börnum sínum nú og til framtíðar og sviður að hafa ekkert val um úrræði sem hentar þeim betur.

Áfram á að þjónust í þessum málum og rembast við að steypa sem flest börn í sama mót. Það er réttur hvers barns að því sé sinnt á einstaklingsforsendum. Þar sem sérþarfir eru fyrir hendi þarf að: Útbúa einstaklingsmiðað námsefni og áætlun fyrir nemendur; bjóða upp á talþjálfun/málörvun fyrir nemendur strax í leikskóla og svo áfram í grunnskólum; tryggja aðgengi að skólaföngum fyrir fötluð börn og að leiksvæðum og bjóða upp á einstaklingsmiðuð rými fyrir þá nemendur sem þurfa t.d. að komast í rólegra umhverfi.

Ef fatlaðir nemendur og nemendur með sérþarfir eiga að fá kennslu, stuðning og námsefni við hæfi og geta náð árangri í námi í umhverfi án aðgreiningar verður borgin að auka fjármagn til leik og grunnskóla verulega. Áður en ég segi skilið við þetta efni ræðunnar þá er það mat Flokks fólksins að gera þarf eitthvað róttækt til að leysa mannekluhnúttinn sérstaklega í leikskólum.

Tvennt skiptir sköpum í þeim efnum og það er að launin verði mannsæmandi sem og vinnuumhverfið, aðbúnaður og fyrirkomulag vinnunnar. Ánægt starfsfólk skilar betri vinnu sem jafna má við aukna gæðþjónustu fyrir öll börn og með því erum við að tryggja að allir nemendur fái þá þjónustu sem þeir eigi að fá. Í öllum skólum á að vera fagmenntaðir kennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, sérkennarar og talmeinafræðingar.

Barnasáttmálinn

Allt sem hér hefur verið rætt tengist einu ákveðnu plaggi sem okkur ber að fylgja í hvívetna og það er Barnasáttmál sameinuðu þjóðanna. Eins og flestir vita höfum við lögfest Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Til upprifjunar:

Barnasáttmáli Sameinuðu var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990, fullgiltur árið 1992 og lögfestur í febrúar 2013. Samningurinn er einn útbreiddasti mannréttindasamningur heims. Með lögfestingu hans höfum við skuldbundið okkur til að fylgja ákvæðum hans og hafa hann að leiðarljósi. Talsvert er þó enn í land að hann verði að fullur innleiddur hér. Það er mat borgarfulltrúa sem hér stendur að borgaryfirvöld sem og ríki hafa ekki tekið ákvæði hans nægjanlega alvarlega. Þar með er það ekki sagt að hann hafi verið hunsaður en langt er í land að hann verði innleiddur að fullu bæði hjá borg og ríki.

En það eru aðrir hópar sem Flokkur fólksins vill setja í öndvegi enda kjörorð flokksins „**Fólkið fyrst**. Það eru öryrkjar og eldri borgarar

Öryrkjar

Flokkur fólksins hefur það staðfest að notendasamráð við öryrkja þegar kemur að þróun og skipulagningu þjónustu við þá sé ábótavant. Slíkt á ekki að líðast. NOTENDUR kvarta og fullyrða sumir að samráð sé ekki haft þegar verið er að undirbúa breytingar á þjónustu þeim til handa. Oft er ekki leitað eftir þeirra vinnu í skipulagningu og undirbúningi á fyrstu stigum. Notendur er kannski boðaðir á fund með yfirmönnum til að ræða um fyrirkomulag til framtíðar en síðan nær það jafnvel ekki mikið lengra. Svo virðist sem enn skorti mjög á raunverulegt samráð við notendur. Dæmi eru um að áfangaskýrslur jafnvel lokaskýrslur séu ekki lagðar fyrir fulltrúa hagsmunasamtaka, eða notenda. Dæmi eru um að skýrslur berist þeim með krókaleiðum.

Minna má á að það er árið 2018 og málamyndasamráð er ekki lengur í boði eins og kannski tíðkaðist hér áður fyrr. Notendur vilja fyrst og fremst að þjónustan virki fyrir þá, eins smurt og hægt er og án óþæginda. Borgarmeirihlutinn þarf að gera betur hér og muna að notendur eru ekki þiggjendur.

Rödd notenda þarf að heyrast hátt og skýrt þegar ákvarðanir eru teknar sem snerta þá. Ef samráð á að vera í alvöru þá þurfa fulltrúar notenda að vera í öllum samráðshópum velferðarsviðsins sem og annarra sviða og aðkoma þeirra að vera virk á öllum stigum frá byrjun til enda. Ég vil minn hér á kjörorð fatlaðra í þessu sambandi: **Ekkert um okkur án okkar!** Spurt er hvort þessi kjörorð fatlaðra séu virt af borgarmeirihlutanum?

Mig langar að ræða hér aðeins dagvistunarrými fyrir aldraða og fólk með heilabilun. Mannekla í aðhlynningastörfum virðist jafn rótgróin og í leikskólageiranum.

Það er ekki einungis mannekla í þessum geira heldur hefur borgin líka verið að fækka störfum jafnvel þótt það sé stefna borgarinnar að halda þessum hópi sem lengst heima. En til þess að það sé hægt þarf að vera fullnægjandi heimaþjónusta og félagslegt úrræði sem fólkið getur tekið þátt í. Á flestum stöðum þar sem fólk býr í íbúðarkjörnum aldraðra er félagsleg aðstaða. Í þessum úrræðum hefur fækkað í starfsliði þeirra sem sáu um að efla færni og fólks. Snúa þarf stefnu borgarinnar við hér og ráða aftur starfsfólk til að efla færni og félagsstöðu aldraða. Það er blákaldur veruleiki eftir því sem borgarfulltrúi hefur fengið upplýsingar um að fólk sem kemur heim frá hvíldarinnlögnunum er jafnvel verr á sig komið líkamlega og andlega heldur en fyrir innlögn

Hvað við kemur hjúkrunarrýmum í Reykjavík hefði fyrrverandi borgarmeirihluti sem nú situr að hluta áfram þurft að sýna mun meiri fyrirhyggju eins og með önnur húsnæðismál í borginni. Það var ekki nóg byggt!

Þeir eldri borgarar sem eiga heimili að hverfa til eftir sjúkrahúsvist, hafa sumir hverjir ekki getað farið heim því enginn er til að sinna þeim. Þar kemur mannekla aftur við sögu. Þess vegna var og er þetta fólk bara geymt áfram á Landspítalanum.

Hvað bíða þar margir núna eftir að komast :

- a. heim þar sem þeir þurfa heimaþjónustu sem enginn er til að sinna,
- b. í hjúkrunarrými sem ekki er til?

Nú er hálf á liðið frá því að meirihlutinn var endurreistur og þessi vandi er enn til staðar.

Síðast en ekki síst koma hér nokkur atriði er snúa að heilsueflingu og virknipjálfun fyrir þá sem liggja á stofnunum vegna aldurs og heilabilunar

Flokkur fólksins vill stórauka heilsueflingu eldri borgara á hjúkrunarheimilum og þeirra sem dvelja á stofnun vegna heilabilunar. Þjálfun þarf að vera á forsendum hvers og eins, með aukinni útiveru og hreyfingu. Markmiðið er að auka lífsgæði og hamingju og draga að sama skapi úr notkun lyfja, svefn-, róandi- og kvíðalyfja meðal þessa hóps. Sýnt hefur verið fram á að lyfjanotkun sé mun meiri meðal þessa hóps hér á landi en í mörgum öðrum löndum sem Ísland ber sig saman við.

Flokkur fólksins hyggst leggja fram tillögu í velferðarráði sem lýtur að endurskoðun og endurbótum á virknipjálfun við heilabilunarsjúklinga á hjúkrunarheimilum borgarinnar. Sumt af því sem lagt er til kostar ekki mikið fé en getur stórbreytt lífi og tilveru fólksins. Fólk sem glímir við heilabilun hrakar oft hratt og þá sérstaklega ef það fær ekki viðeigandi þjálfun. Fyrir þennan hóp hafa rannsóknir sýnt að með því að virkja fólk er hægt að hægja á sjúkdómnum t.d. með ríkulegum samskiptum við það í orði og verki, með því að umönnun verði persónuleg og einstaklingsbundin. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minnst á gæludýr en umgengni við þau er eitt af því sem gleður eldri borgarar og fólk með heilabilun hvað mest. Og þar sem ég er nú farin að tala um gæludýr vil ég leyfa mér, með leyfi forseta að minna á *tillögunu um að gæludýr verði leyfð í félagslegu húsnæði borgarinnar var lögð fram af Flokki fólksins í september sl. Nú er desember. Í þessu sambandi má einnig nefna að fordæmi fyrir þessu er nú þegar í nágrannasveitarfélagi okkar að sjálfsögðu í samræmi við fyrirliggjandi lög og reglugerðir um leyfi gæludýra t.d. í fjölbýlishúsum. Þessari tillögu var vísað til stjórnar Félagsbústaða þar sem hún situr föst af því er virðist. Í greinargerð með tillögunni er farið nokkrum orðum um rannsóknir sem sýna m.a. að umgengni við dýr eykur tilfinningalega og líkamlega vellíðan og eykur m.a. sjálfstraust, einbeitingu, athygli og minnkar streituviðbrögð.*

Og aðeins meira um fólk sem glímir við sjúkdóm eins og heilabilun. Við sem skipum borgarstjórn og leggjum línurnar verðum að sjá sóma okkar í að veita eldri borgurum og sjúklingum ekki einungis persónuleg samskipti og aðhlyningu, heldur einnig viðeigandi verkefni til að örva og hvetja. Víða er ástandið hreinlega ekki nógu gott vegna manneklu. Margir starfsmenn eru að vinna á við tvo og eru sumir orðnir úrvinda. Þar sem vantar starfsfólk þurfa þeir sem fyrir eru að hlaupa hraðar og gera meira og kannski rétt ná að gera það allra nauðsynlegasta. Annað starf s.s. alls kyns virkni og þjálfunarprógramm mætir þá jafnvel afgangi. Og það má ekki gerast. Fyrir aldraða og fólk með heilabilunarsjúkdóma geta virkniverkefni skipt sköpum. Með því að auka virkniverkefni og hreyfingu svo sem með því að hafa tæki til tómsunda, kubba, liti, litabækur, bækur, hannyrðadót og annað sem hægt er að skapa eitthvað úr hægir á öldrunaferli og ferli heilabilunarsjúkdómsins hjá mörgum. Einnig með því að bjóða upp á dans, líkamsrækt og tónlist. Það er fátt sem yljur meira en að sjá glaðleg andlit þeirra sem komnir eru af léttasta skeiði eða eru veikir langt um aldur fram. Að eldast og þurfa að treysta á aðra til að sinna okkur bíður flestra. Reynum að setja okkur í þessi spor þótt okkur finnist kannski það hljóti að vera langt í þessa stöðu og aðstæður hjá okkur sjálfum. Fyrir aldraða og þá sem glíma við heilabilun eigum við að bjóða upp á fleiri valkosti til þátttöku í fjölbreyttum verkefnum og huga að hlutum ofan í

smæstu atriði eins og breytingar á leirtaui fyrir fólkið, nota liti og mynstur sem henta. Litlu hlutirnir skipta líka máli.

Að lokum vil ég tala um aðgengi. Við höfum verið að ræða Laugavegin og miðbæinn og Flokkur fólksins fer ekki ofan af því að aðgengi að þessum hluta borgarinnar er að verða æ þyngra í vöfum fyrir ákveðna hópa. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill endurtaka það sem hann sagði á síðasta borgarstjórnarfundum, „*að stórar efasemdir eru um þá glimrandi gleði sem meirihlutinn fullyrðir að borgarbúar upplifi við fyrirhugaðar breytingar á miðborginni.* „

Nýlegar upplýsingar frá hagsmunaaðilum og notendum sjálfum liggja ekki fyrir hvað varðar afmarkaða þætti s.s. að loka einstaka götum og öllum Laugaveginum fyrir bílaumferð. Í þessu sambandi má minna á tillögu Flokks fólksins um *að P merktir bílar fái að aka eftir göngugötum í miðborginni þar með talið niður Laugavegin. Einnig var lagt til að P merktir bílar geti lagt í göngugötum. Hámarkshraði skyldi þá vera 10 km/klst.* Tillögunni var vísað í Ferlinefnd fatlaðs fólks og er á þessum tímapunkti ekkert að fréttu af henni. Allir eiga rétt á að komast ferða sinna og það gildir jafnt um miðbæinn eins og aðra staði borgarinnar. Gott aðgengi er lykillinn að því að fatlað fólk geti verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

Flokkur fólksins telur jafnframt að stórauka og bæta þurfi hjólastólaaðgengi víðs vegar um borgina þar sem aðgengi er annað hvort ekki til staðar eða ábótavant. Minna má á að ekkert hefur heyrst lengi af aðgengisstefnu borgarinnar, sem hefur verið á borðinu um nokkurn tíma. Hana þarf að fullklára og fjármagna að sjálfsögðu. Það sem bíður að gera og má alls ekki bíða mikið lengur er að:

- Gera endurbætur á öllum biðstöðvum strætó sem eru víða í lamasessi.
- Að öll gönguljós verði með skynjunarbúnaði sem gefi frá sér hljóðmerki þegar fótgangandi nálgast og sem nema og laga sig að umhverfishljóðum.
- Að ferðaþjónusta fatlaðra miðist ekki aðeins við mörk sveitarfélaganna, heldur sé gert ráð fyrir að notendur geti farið milli sveitarfélaga sem miðist við gjaldskrá Strætó.
- Aðgengiseftirlit þarf að vera með öllum mannvirkjum

Þá þarf að huga að húsnæðismálum fatlaðs fólks og öryrkja, framboði íbúða á viðráðanlegu verði og góðu aðgengi en eins og áður hefur komið fram er langt í land að húsnæðismarkaðurinn í Reykjavík komist í viðunandi horf.

Hvernig samfélag viljum við?

Ég hef í ræðu minni farið yfir nokkra þá þætti sem ég var kjörin til að beita mér fyrir hér í borgarstjórn. Eftir hálfis árs setu í borgarstjórn hef ég þó lært svo mikið að þótt orðin verði mörg, rökin jafnvel skotheld þá virkar stjórnkerfi borgarinnar þannig að tillögur minnihlutans fá hvorki hlustun hvað þá brautargengi.

Það er mín ósk að meirihlutinn vilji gefa málum okkar hérna megin borðs sem snúa að beinni þjónustu við borgarbúa meiri gaum. Á það skal bent að á bak við hverja tillögu, hvert mál eru óskir og vonir stórra hópa borgarbúa. Bak við okkur í minnihlutanum er meirihluti kjósenda.

Yrði mér að ósk minni myndi allt samstarf auk þess verða miklu skemmtilegra og árangursríkara. Ég biðla hér með til meirihlutans að bjóða okkur upp á raunverulegt samtal og samvinnu. Þið getið skoðað þau mál sem hafa verið lögð fram með opnari huga og koma þá jafnvel með tillögur til breytinga eftir atvikum frekar en að ýmist vísa málum frá eða fella með eins manns meirihlutaatkvæði.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill vera bjartsýnn á að slíkt samstarf og samvinna geti orðið næstu þrjú árin. **Ef það er vilji þá er vegur.**

Takk fyrir